



# Handbók nemenda 2020-2021



# mít

## Mikilvægar upplýsingar til nemenda

Almennar reglur skólans, prófareglur MÍT, mikilvægar dagsetningar og upplýsingar um skrifstofu



Kæru nemendur!

Við hlökkum mikið til að vinna með ykkur á komandi skólaári!

Til þess að allt gangi sem best fyrir sig höfum við hér sett á blað upplýsingar sem varða:

- **ALMENNAR REGLUR SKÓLANS**
- **PRÓFAREGLUR SKÓLANS**
- **MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR Á SKÓLAÁRINU**
- **ÝMSAR UPPLÝSINGAR**

Þessar upplýsingar verður einnig hægt að finna á heimasíðu skólans

[www.menton.is](http://www.menton.is)

# ALMENNAR REGLUR SKÓLANS

## Almennar skólareglur

1. Nemendur sýni verkum og skoðunum hvers annars virðingu.
2. Nemendur gangi vel um æfingaherbergi, nemendaaðstöðu og önnur rými skólans.
3. Nemendur virði reglur skólans um notkun bókasafns, hljóðfæra og tækjakosts.
4. Nemendur gangi vel um eigur skólans, hljóðfæri, búnað, nótur og annað.
5. Áfengis-, vímuefna- og tóbaksneysla er bönnuð í skólanum.

## Mætingarreglur

1. Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og æfingar og mæta stundvíslega.
2. Komi nemandi 10 mínútum of seint í kennslustund fær hann fjarvist fyrir þá kennslustund.
3. Fjarvistir og veikindi skal tilkynna til skrifstofu með tölvupósti á [menton@menton.is](mailto:menton@menton.is).  
Forráðamenn nemenda yngri en 18 ára geta einnig tilkynnt veikindi gegnum Innu.
4. Leyfi er aðeins veitt vegna námskeiða, tónleikahalds eða annars sem kemur náminu við skólann beint við.
5. Fylgst er með mætingu nemenda í öllum áföngum og fari skólasókn nemanda niður fyrir 80% án þess að gildar ástæður séu fyrir hendi er gefin áminning.
6. Fari mæting niður fyrir 75% þarf nemandi að mæta til viðtals hjá skólastjórnendum og gera samning um bættu ástundun.
7. Haldi nemandi ekki samninginn áskilur skólinn sér rétt til að vísa honum frá námi.

## Val

1. Nemendur velja fög næstu annar í skilgreindri valviku.
2. Mögulegt er að óska eftir töflubreytingu, eða skrá sig í eða úr áfanga á fyrstu 3 vikum annarinnar. Að þessum fresti liðnum telst valið staðfest og fall skráist á áfanga ef nemandi mætir ekki.

# PRÓFAREGLUR MÍT

Miðað er við að próftaka í hljóðfæraleik, að forprófum undanskildum, fari fram á skilgreindum prófatímum skólans. Kennsla fellur niður á skilgreindum prófatímum, þó ekki á meðan bóklegum prófum stendur.

## **Lokapróf skólans**

Aðalkennari tilkynnir yfirmanni viðkomandi deildar í upphafi skólaárs ef til stendur að nemandi útskrifist á skólaárinu. Lokapróf frá MÍT hlýtur nemandi að uppfylltum einingafjölda sinnar brautar og að loknum útskriftartónleikum. Nemandi þreytir forpróf áður en leyfi er veitt til útskriftartónleika.

## **Rytmísk deild**

### **Forpróf**

Prófið er tekið á fyrri hluta vorannar. Í prófinu situr 3 manna prófanefnd sem samanstendur af kennurum innan skólans. Aðalkennara nemandans og fulltrúa skólastjórnar er heimilt að vera viðstaddir en þeir taka ekki þátt í störfum nefndarinnar. Öll efnisskrá nemendans á að vera tilbúin fyrir prófið. Fyrst flytur nemandinn með hljómsveit sinni 1/4 efnisskrárinnar sem hann hefur valið sjálfur. Að því loknu velur prófnefnd annan 1/4 hluta efnisskrárinnar. Í kjölfarið fara fram samræður dómnefndar og nemanda um flutninginn og efnisskránnar þar sem dómnefnd dregur fram jákvæðar hliðar og það sem betur mætti fara. Prófnefnd getur gefið nemanda leyfi til að halda tónleikana skömmu eftir prófið eða lagt til ákveðinn frest til undirbúnings og úrvinnslu athugasemda nefndarinnar. Ekki er gefin einkunn fyrir prófið.

### **Útskriftartónleikar**

Miðað er við að tónleikar fari fram að vori, ekki síðar en um miðjan maí. Einnig er hægt að óska eftir að þeir fari fram á haustönn. Lengd efnisskrár skal vera sem næst 1 klst., án hlés. Gengið er út frá því að prófdómari tónleikanna hafi einnig setið í forprófi. Prófdómari skilar umsögn um tónleikana og gefur einkunnina staðið/fallið.

## **Klassísk deild**

### **Forpróf**

Prófið er tekið u.þ.b. 6 vikum fyrir áætlaða lokatónleika. Í prófinu situr 3 manna prófanefnd sem samanstendur af kennurum innan skólans, en auk þess er aðalkennara nemandans og fulltrúa skólastjórnar heimilt að sitja inni í prófinu. Nemandi flytur u.þ.b. 30 mínútur af fyrirhugaðri tónleikaefnisskrá, sem valdar eru af aðalkennara, og í kjölfarið fara fram samræður dómnefndar við nemanda um flutninginn og hugleiðingar um hvað geti falist í undirbúningi fram að tónleikum. Ekki er gefin einkunn fyrir prófið.

### **Útskriftartónleikar**

Miðað er við að tónleikar fari fram að vori, en einnig er möguleiki að þeir fari fram á haustönn. Lengd efnisskrár skal vera sem næst 1 klst., og samstanda af einleiks- og kammer- eða samspilsverkum. Gengið er út frá því að prófdómari tónleikanna hafi einnig setið í forprófi. Prófdómari skilar umsögn og gefur einkunnina staðið/fallið.

## **Vörðupróf MÍT**

### **Vörðupróf I**

Í vissum tilfellum getur verið hjálplegt nemendum að eiga kost á að ljúka vörðuprófi I, sem má staðsetja u.þ.b. mitt á milli grunnprófs og miðprófs. Prófið nýtist einkum nemendum á aukahljóðfæri, söngnemendum í einstaka tilfellum og ákveðnum hópi nemenda á poppbraut.

### **Vörðupróf II**

Nemendur taka vörðupróf II u.þ.b. við miðju námsferils við MÍT í samráði við aðalkennara sinn. Vörðuprófið er hugsað sem námsáfangi og um leið undirbúningur fyrir lokapróf frá skólanum. Gengið er út frá því að allir nemendur skólans ljúki vörðuprófi II, nema aðstæður kalli á annað. Prófin eru dæmd innan skólans af kennurum viðkomandi deildar. Aðalkennara nemanda og fulltrúa skólastjórnenda er heimilt að vera viðstaddir próf.

Aðalkennari skal óska eftir tíma fyrir vörðupróf hjá skrifstofu MÍT og skrá prófsumsókn á [www.viska.is](http://www.viska.is) með amk 3 vikna fyrirvara.

## **Próftónleikar í lok annar (klassísk deild)**

Þeir nemendur sem **ekki** taka vörðu-, áfanga- eða lokapróf á önninni skulu koma fram á próftónleikum í lok annar. Skipulagðir eru tónleikar fyrir hverja hljóðfæradeild fyrir sig. Gert er ráð fyrir að hver nemandi flytji eitt verk eða kafla úr verki. 1-3 prófdómarar innan hvernar deildar dæma prófin og bera ábyrgð á að halda einkunnum til haga. Nemendur á aukahljóðfæri koma einungis fram á próftónleikum í lok vorannar.

## **Áfangapróf prófanefndar**

Áfram verður í boði fyrir nemendur að taka mið- og framhaldspróf á vegum prófanefndar. Framhaldspróf teljast ekki lokapróf frá skólanum, og eru ekki nauðsynlegur undanfari þess. Kennari sækir um áfangapróf fyrir nemanda sinn með a.m.k. 3 vikna fyrirvara á þar til gerðu eyðublaði (aðgengilegt á [www.profanefnd.is](http://www.profanefnd.is)) og sendir með tölvupósti til skrifstofu MÍT.

# NÁMSMAT

## **Úr aðalnámsskrá framhaldsskóla:**

*Tilhögun námsmats þarf að vera fjölbreytt og í samræmi við áherslur í skólastarfi og höfða til sem flestra námsþátta. Þannig skal meta munnleg verkefni, verkleg og skrifleg, myndræn, stuttar afmarkaðar æfingar og dýpri athuganir, einstaklingsverkefni og hópverkefni, verkefni sem unnin eru á afmörkuðum tíma og óafmörkuðum og próf af ýmsu tagi.*

## **Lokaeinkunnir og námsmat í hljóðfæra- og söngáföngum**

*Námsmat skal byggja á margvíslegum námsmatsaðferðum og fela í sér traustar heimildir um hæfni nemenda. Þess skal gætt að námsmatið taki til allra þátta námsins þannig að þekking nemenda, leikni og hæfni auk framfara sé metin (Aðalnámsskrá framhaldsskóla).*

### **Rytmísk deild**

Hafi nemandi tekið próf á önninni skal það gilda 50% á móti annareinkunn kennara og er það á ábyrgð kennara að reikna endanlega tölu út. Hafi nemandi ekki tekið próf á önninni gildir kennaraeinkunn 100%. Kennarar bera ábyrgð á að halda utan um einkunnir nemenda sinna og færa þær inn í INNU í lok annar.

### **Klassísk deild**

Miðað er við að lokaeinkunn nemenda í hljóðfæra- og söngdeildum sé samsett af prófseinkunn annar (50%) og annareinkunn kennara (50%). Ef tæknipróf eða önnur smærri próf eru lögð fyrir á önninni skal aðalkennari reikna þær einkunnir inn í prófseinkunn (40% á móti 60% vægi lokaprófs). Kennarar bera ábyrgð á að halda utan um einkunnir nemenda sinna og færa þær inn í INNU í lok annar.

## **Námsmat og próf í bóklegum greinum**

Kennsluáætlun skal lögð fyrir nemendur í fyrstu kennsluviku. Í kennsluáætlun skal koma fram námsefni, markmið áfanga, kennslufyrirkomulag og greinargóð lýsing á námsmati, og hvernig lokaeinkunn áfangans er samsett.

Próf í bóklegum greinum fara fram utan hljóðfæra- og söngprófaviku, en þau eru tímasett af skrifstofu skólans. Einkatímakennsla fellur ekki niður á prófatímum bóklegra greina.

Próf í áföngum sem kenndir eru af fleiri en einum kennara skulu vera samræmd, og yfirfarin af báðum kennurum. Að jafnaði skal miða við að 5 sé lágmarkseinkunn til að standast námsáfanga (Aðalnámskrá framhaldsskóla).

Nemandi telst fallinn í áfanga ef annað eftirtalinna atriða á við:

- a) hann/hún nær ekki lágmarkseinkunn skv. námsmati áfanga
- b) hann/hún hættir í áfanganum eftir að frestur til úrsagnar er útrunninn



# MIKILVÆGAR DAGSETNINGAR

## Skólaárið 2020 – 2021

*Athugið að á þessum dagsetningum geta orðið breytingar.*

10. ágúst – Skrifstofa MÍT opnar

18. ágúst – Nýnemakynning í Rauðagerði

19. ágúst – Kennsla hefst

5.-11. október – Valvika nemenda

23.-26. október – Haustfrí

27. nóvember – Hljóðfærapróf (kennsla fellur niður)

30. nóv - 4. desember – Bókleg próf

7.-10. desember – Sjúkrapróf

11. desember – Síðasti kennsludagur

14. desember-5. janúar – Jólafrí

6. janúar – Kennsla hefst

1.-7. mars – Valvika nemenda

29. mars -7. apríl – Páskafrí

26.-30. apríl – Prófavika

14. maí - Síðasti kennsludagur

21. maí – Útskrift

# ÝMSAR UPPLÝSINGAR

## Opnunartímar skólans

### SKIPHOLT 33, 3.hæð

Virkir dagar

- Rafræn opnun er virk milli kl 8:40 og 20, nemendur sem eru með lykla og aðgangsfloðu geta komið og æft sig til kl 22.

Helgar

- Rafræn læsing er virk allan sólarhringinn. Aðgangsfloðu þarf til að geta komist inn í skólann.

Hægt er að fá aðgangsfloðu gegn gjaldi á skrifstofu skólans.

### RAUÐAGERÐI 27:

- Skólinn er opinn nemendum virka daga milli kl 9-22

## Nemendafélag

Við skólann starfar nemendafélag NFMÍT

[nemendafelagmit@gmail.com](mailto:nemendafelagmit@gmail.com)

<https://www.facebook.com/NFMIT/>

<https://www.facebook.com/nemendafelagmitfih/>

## Trúnaðarmaður nemenda

Trúnaðarmaður nemenda er Freyja Gunnlaugsdóttir, [freyja@menton.is](mailto:freyja@menton.is)

### Símanúmer skrifstofu:

Kjartan Óskarsson, skólameistari, [kjartan@menton.is](mailto:kjartan@menton.is) s: 589 1201

Freyja Gunnlaugsdóttir, aðstoðarskólameistari, klassísk deild, [freyja@menton.is](mailto:freyja@menton.is) s: 589 1202

Sigurður Flosason, aðstoðarskólameistari, rytmísk deild, [sivi@simnet.is](mailto:sivi@simnet.is) s: 589 1208

Sólrún Sumarliðadóttir, áfangastjóri, [solrun@menton.is](mailto:solrun@menton.is) s: 589 1203

Nína Njálisdóttir, ritari MÍT, [menton@menton.is](mailto:menton@menton.is) s:589 1200

**mít**